49. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararjettar.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

Ríkisborgararjettur veitist prestinum Jóhanni Martin Meulenberg í Landakoti í Reykjavík, sem fæddur er í Þýskalandi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Jóhann Martin Meulenberg, kaþólskur prestur í Landakoti í Reykjavík, sem er fæddur í Hillenberg í Þýskalandi 30. október 1872, kom hingað til lands árið 1903. Hann hefir dvalið hjer síðan nema ófriðarárin fjögur; þá var hann í Danmörku, vegna þess að honum var bannað að fara heim hingað meðan á ófriðnum stóð, en þegar ófriðurinn skall á, var hann á ferð erlendis. Vegna hinnar löngu dvalar utan Þýskalands hefir hann mist ríkisborgararjett þar, og hefir nú sótt um ríkisborgararjett hjer á landi.